

## 15. gr.

Um gjald fyrir leyfi til áfengisveitinga fer eftir ákvæðum áfengislaga.

**Almenn ákvæði.**

## 16. gr.

Sveitarstjórn skal afturkalla leyfi sem gefið er út samkvæmt reglugerð þessari ef leyfishafi fullnægir ekki lengur skilyrðum þeirra til að fá útgefið slíkt leyfi.

## 17. gr.

Verði leyfishafi uppvís að vanrækslu á skyldum sem á honum hvíla eða uppfyllir ekki skilyrði sem um reksturinn gilda skal veita honum skriflega áminningu. Áminningu veitir viðkomandi sveitarstjórn eða lögreglustjóri. Lögreglustjóri hver í sínu umdæmi skal halda skrár yfir áminningar. Áminning hefur gildi í tvö ár frá því hún hefur verið birt leyfishafa.

Verði leyfishafi uppvís að frekari vanrækslu meðan áminning er enn í gildi skal það varða sviptingu leyfis um ákveðinn tíma. Sveitarstjórn ber að svipta leyfi telji lögreglustjóri í viðkomandi umdæmi að skilyrði 1. málsl. 2. mgr. séu uppfyllt. Ef vanræksla er stórfelld eða ítrekuð skal lengd sviptingar ákveðin með hliðsjón af því.

## 18. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt áfengislögum, nr. 75 15. júní 1998, öðlast þegar gildi.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um sölu og veitingar áfengis, nr. 425 8. september 1989, með síðari breytingum.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 17. mars 1999.*

**Þorsteinn Pálsson.**

*Arnar Þór Jónsson.*

**REGLUGERÐ**

**um breytingu á reglugerð um löggæslu á skemmtunum  
og um slit á skemmtunum og öðrum samkvæmum, nr. 587 23. desember 1987.**

## 1. gr.

13. gr. orðast svo:

Lögreglustjóri ákveður hvenær skemmtun skal slitið. Um slit á skemmtun sem fram fer á veitingastað sem leyfi hefur til áfengisveitinga samkvæmt áfengislögum fer þó eftir ákvörðun sveitarstjórnar.

## 2. gr.

14. og 15. gr. falla brott.

## 3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum um heimild til þess að marka skemmtunum og samkomum tíma, nr. 120 22. desember 1947, öðlast þegar gildi.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 17. mars 1999.*

**Þorsteinn Pálsson.**

*Arnar Þór Jónsson.*